

## 014/01 - Þorsteinn GK 16

Þorsteinn GK 16, skipverji slasast við netaveiðar

### Þorsteinn GK 16

**Skipaskr.nr.:** 1159

**Smíðaður:** Ísafirði 1971 Stál

**Stærð:** 138,00 brl; 209,00 bt

**Lengd:** 30,95 m **Breidd:** 6,70 m **Dýpt:** 5,65 m

**Vél:** Caterpillar 526,00 kW **Árgerð:** 1987

**Annað:**

**Földi skipverja:**



Þorsteinn©NN

### Atvikalýsing

Þann 1. apríl 2001 var Þorsteinn GK-16 að netaveiðum út í Kötlugrunni sem er um 30 sml. austur af Vestmannaeyjum. Veður: A 6,7 m/sek (Vatnsgarðshólar)

Um kl 18:00 þegar verið var að draga síðustu trossuna, var skipverji á rúllunni að taka snúning af netinu með því að snúa upp á teinana á milli spils og rúllu. Hann var með hendurnar á teinunum og netið "brúsaði" um þær á meðan teinarnir þokuðust í átt inn í spilskífuna. Allt í einu gaf spilið eftir og slakaðist netið út og skipverjinn hafði ekki ráðrúm til að taka aðra höndina til sín og hún þvældist í netinu og lenti undir teinunum á rúllunni. Spilið stöðvaði slökun þegar álagið minnkaði og hífði síðan að nýju. Við þetta tókst skipverjanum að losa fingurna undan teinunum en einn þeirra var þá verulega skaddaður.

### Við rannsókn kom fram

- að verið var á veiðum á yfir 200 fm dýpi á kóralbotni með festum öðru hverju og í miklum sjó;
- að spilið sem er lágbrýstispil átti til að gefa eftir við mikið álag;
- að hinn slasaði hafði ekki vitneskju um þessa ágalla spilsins;
- að áður hefur komið fram að spilið er gamalt og slitið;
- að ítrekuð slys hafa orðið með þessum hætti um borð í skipinu;
- að spilið stendur ekki nægjanlega langt inn í skipinu og þar með gefst ekki nægjanlegt svigrúm til að teinaklára á þessu svæði.

### Nefndarálit

**Nefndin telur að sérstaka aðgæslu þurfi þegar unnið er við eldri gerðir lágbrýstispila sem eiga það til að snúast öfugt við álag.**

**Nefndin bendir á mikilvægi þess að skipstjórnarmenn upplýsi skipverja um virkni og ágalla einstakra tækja og búnaðar áður en þeir hefja störf um borð.**